



Upplýsing Félag bókasafns- og upplýsingafræða

12. aðalfundur Upplýsingar.

Föstudaginn 29. apríl 2011, kl. 16:30, haldinn í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fundarstjóri: Andrea Ævarsdóttir

Fundaritari: Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir

- 1. Viðurkenning Upplýsingar fyrir bestu fræðibók barna.** Þorbjörg Karlsdóttir greinir frá vali nefndar um bestu fræðibók barna. Tilnefninguna hlýtur bókin Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísold Gísladóttur og Freydísi Kristjánsdóttur. Eyrún tekur við verðlaunum og viðurkenningarskjölum fyrir hönd höfunda og forlagsins.
- 2. Skýrsla stjórnar.** Hrafnhildur Hreinsdóttir fer yfir helstu atriðin sem fram koma í ársskýrslu stjórnar. Stjórnin hefur haldið stjórnarfundum einu sinni í mánuði og hefur helsta áhersla stjórnar verið á fræðslumál. Stjórnin hefur staðið fyrir sjö Morgunkornum, stuttum fræðslufundum einu sinni í mánuði. Þá hefur stjórnin verið með fjögur námskeið og staðið fyrir einni málstofu í samvinnu við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor HÍ. Fjárhagur félagsins er stöðugur og góður. Helsta innkoma í félagið eru árgjöldin og í ár barst styrkur frá Menntamálaráðuneytinu upp á 650.000 kr. Stefna Upplýsingar er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið. Vefur Upplýsingar hefur allur verið endurskoðaður, búið er að taka í notkun innri vef fyrir félagsmenn. Óskar vefstjóri Upplýsingar mun halda áfram við endurskipulagningu vefsins. Áfram verður unnið að handbók stjórnar. Upplýsing stóð fyrir fjórum velheppnuðum viðburðum, 10 ára afmæli Upplýsingar, jólagleði og heimsóknum í Seðlabankann og húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands. Upplýsing stóð fyrir ásamt SBU og FÍNA fyrsta Bókasafnsdeginum. Tóku um 130 bókasöfn þátt í deginum og var hann vel heppnaður. Landsfundur Upplýsingar var haldinn í september á Stykkishólmi og voru þátttakendur um 160 talsins.
- 3. Skýrslur hópa og nefnda.** Fundarstjórnin gerir grein fyrir að þær skýrslur sem hafa borist eru í ársskýrslunni.
- 4. Reikningar félagsins.** Hrafnhildur Hreinsdóttir greinir frá stöðu reikninga félagsins í fjarveru Sigrúnar Guðnadóttur gjaldkera.
- 5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.** Hrafnhildur Hreinsdóttir greinir frá fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs í fjarveru Sigrúnar Guðnadóttur gjaldkera. Fundur samþykkir.
- 6. Árgjald.** Stjórn leggur til að árgjald verði það sama og það var á síðasta stjórnarári. Fundur samþykkir.
- 7. Lagabreytingar.** Stjórn leggur ekki til neinar lagabreytingar.

- 8. Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5. gr.** Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram í stjórn. Uppstillingarnefnd stingur upp á Ernu Olsen í stjórn Upplýsingar. Fundur samþykkir. Fyrir í stjórn eru Hrafnhildur Hreinsdóttir formaður, Helga Halldórsdóttir varaformaður, Margrét Sigurgeirsdóttir meðstjórnandi og Sigrún Guðnadóttir gjaldkeri. Varamenn í stjórn eru Óskar Guðjónsson og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Fundur samþykkir.
- 9. Kosning skoðunarmanna reikninga.** Uppstillingarnefnd leggur til að skoðunarmenn reikninga verð Anna Kristín Stefánsdóttir, Arnfríður Jónasdóttir og Sigrún Sveinsdóttir. Fundur samþykkir.
- 10. Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.** Nú verða þrjár nefndir fagnefnd, fræðslu- og skemmtinefnd og útgáfunefnd. Uppstillingarnefnd stillir eftirfarandi félagsmönnum upp í nefndirnar: *Fagnefnd:* Ragnhildur Blöndal, upplýsingasetur Tækniskólans - skóla atvinnulífsins, Sara Stefánsdóttir, bókasafn og upplýsingaþjónusta HR og Kristín Arnþórsdóttir, meistaranemi. *Fræðslu- og skemmtinefnd:* Pia Viinikka, bókasafn Norræna hússins, Herdís Þórisdóttir, Borgarbókasafn Foldasafn, Erna Björg Smáradóttir, skjalasafn Bankasýslu ríkisins. *Útgáfunefnd:* Einar Ólafsson, Borgarbókasafn aðalsafn, Kristín Ingunnardóttir, Áslaug Óttarsdóttir, Anna María Sverrisdóttir, Landsbókasafni, Brynhildur Jónsdóttir og Kristína Benediktz, bókasafn Menntavísindasviðs HÍ. *Uppstillingarnefnd:* Ásdís Hafstað, bókasafn Menntaskólans við Hamrahlíð, Linda Wright, Ríkisútvarpinu og Ragna Guðmundsdóttir, Bókasafn Kópavogs. Fundur samþykkir.
- 11. Önnur mál.** Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir þakkar sjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Fundi slitið kl. 17:20